

VIII. Almenn ákvæði.

36. gr.

Þar sem upphæð sektar er eigi ákveðin við einstakar greinir í reglugjörð þessari, varða brot gegn henni 1—200 kr. sekt. Sektin rennur í sveitar-sjóð þess hrepps, sem brotið er framið í, nema öðruvísi sje ákveðið.

37. gr.

Mál, sem rísa af brotum gegn þessari reglugjörð, skal fara með sem opinber lögreglumál.

38. gr.

Með reglugjörð þessari er úr gildi numin öll eldri ákvæði um refaeyðingar og fjallskil í Austurbarðastrandarsýslu.

Amtráð Vesturamtsins, Reykjavík 4. dag júlímán. 1899.

J. Havsteen.

Samþykkt

fyrir Rangárvallasýslu um friðun á skógi og mel, um hindrun sandfoks og um sandgræðslu.

Sýslunefndin í Rangárvallasýslu hefir samkvæmt lögum 13. apríl 1894, um samþykktir til að friða skóg og mel, og lögum 15. febr. 1895, um að gjöra samþykktir um hindrun sandfoks og um sandgræðslu, gjört eptirfylgjandi samþykkt fyrir Rangárvallasýslu um friðun á skógi og mel, um hindrun sandfoks og um sandgræðslu.

I. Um friðun á skógi og mel.

1. gr.

Hvergi er heimilt að rífa mel, víð eða lyng. Skóg skal eigi höggva, ekki slá melstöng eða víðarlauf, nema samkvæmt heimild í eptirfarandi greinum.

2. gr.

Í Landmannahreppi, Rangárvallahreppi, Fljótshlíðarhreppi og Vestur-eyjafjallahreppi skipar sýslunefnd skógarverði, einn í hverjum hreppi. Skulu þeir skipaðir til þriggja ára í senn og taka úr sýslusjóði 3 kr. í þóknun fyrir dag hvörn, sem þeir sakir starfa síns eru frá heimili sínu. Auk þess getur sýslunefnd eptir atvikum veitt þeim sjerstaka þóknun, sem þó má eigi fara fara fram úr 25 kr. á ári.

3. gr.

Skógarvörður skal hafa umsjón með skógum og melgróðri í hreppnum og gefur sýslumaður honum erindisbrjef, er að þessu lýtur. Hann hefir vald til

þess að ákveða, hvort skógur eða melland skuli friðað, þó eigi nema fyrir 3 ár í senn. 80

4. gr.

Skógur má höggva tvisvar á ári, og tiltekur skógarvörður hvenær það skuli gjört, og auglýsir það með nægum fyrirvara á mannamótum. Hann skal vera viðstaddur skógarferðir, og sýna skógarmönnum, hvar, hvernig og hve mikið skuli höggvið og hafa vandlega gætur á að fyrirmælum hans um skógarhöggið sje hlýtt.

5. gr.

Fyrir sláttubyrjun skal skógarvörður hafa skoðað allt melland í hreppnum. Ákveður hann þá, hvort og hvar melgras eða víðarlauf skuli slegið og vísar landyrkja til, hvernig með skuli farið. Síðan skal hann á hausti lita eptir, hvort fyrirmælum hans hafi verið hlýtt.

II. Um hindrun sandfoks og sandgræðslu.

6. gr.

Skógarvörður skal lita eptir, hvort land spillist af sandfoki og athuga, hvort auðið er að veita því fyrirstöðu. Hann skal og aðgæta, hvar helzt megi án ofmikils kostnaðar græða upp sanda.

7. gr.

Nú þykir skógarverði nauðsyn á, að gjöra tilraunir til, að varna sandfoki eða hann álitur heppilegt að stofna til sandgræðslu. Snýr hann þá máli sínu skriflega til hreppsnefndar, færir rök fyrir því, og gjörir áætlun um kostnað verksins. Er þá hreppsnefnd skyld til að gjöra áreið á staðinn, og ef meiri hluti aðhyllist skoðun skógarvarðar, gjörir hún ráðstöfun til að verkið verði framkvæmt, er hún hefir áður vandlega íhugað kostnaðinn við það. Skal skógarvörður jafnan hafa eptirlit með að verkið sje vel og skynsamlega af hendi leyst.

8. gr.

Kostnaðadinnum við framkvæmd verksins skal jafnað þannig niður, að ábúandi og jarðeigandi leggja fram $\frac{1}{4}$ hvor, en sveitarsjóður $\frac{1}{2}$, nema því að eins að kostnaðurinn nemi meiru en 100 kr. á ári, og skal þá sýslusjóður greiða helming á móti sveitarsjóði af því, sem þar er fram yfir, enda skal þá fá samþykki sýslunefndar til að verkið sje unnið. Nemi kostnaðurinn eigi meiru en 25 kr., skal þó ábúandi eða landyrki standast allan kostnaðinn gegn endurgjaldi frá jarðeiganda að helmingi. Jarðeigandi og landyrki eru eigi skyldir að leggja meira fram en 50 kr. af kostnaðinum og aldrei frekar en nemur afgjaldi jarðarinnar. Kostnað við sandgræðslu og sandvarnarfyrirtæki, sem unnin eru í afrjettum, kostar sveitarsjóður og sýslusjóður að helmingi hvor. Ábúandi skal ábyrgjást skilvísu greiðslu á kostnaðarhluta jarðeiganda, enda hafi hann rjett til að ósekju að halda eptir svo miklu af eptirgjaldinu, sem kostnaðarhluta hans nemur.

80

9. gr.

Hreppsnefnd skipar mann til þess að sjá um framkvæmd verksins, Gjörir hann nefndinni glöggan reikning fyrir kostnaðinum og er henni þá skylt að greiða hann tafarlaust, nema því að eins að ágreiningur verði um upphæð hans. Skulu þá tveir menn, er sýslumaður tilnefuir, álita verkið, og er þeirra úrskurður fullnaðarúrslit. Sá málspartur, er málið gengur á móti, skal greiða málskostnað.

III. Almennar ákvarðanir.

10. gr.

Skógarverðir skulu í bók rita, er sýslumaður löggildir, allt sem að sýslan þeirra lýtur. Þeir skulu eptir nánari fyrirmælum sýslumanns semja árlega skýrslu um ástand skóga og mellands og yrking þess og senda þær sýslumanni fyrir lok febrúarmánaðar hvers árs. Bók sína skulu þeir sýna sýslumanni á manntalsþingi.

11. gr.

Vanræki skógarvörður eða hreppsnefndarmenn skyldu sína, skulu þeir sekir um 10—100 kr. Önnur brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 5—100 kr., og rennur annar helmingurinn til uppljóstrarmanns, en hinn í sýslusjóð.

Samþykkt þessi, sem almennur hjeradsfundur hefir fallizt á, er hjermeð staðfest af undirskrifuðum amtmanni til þess að öðlast gildi 1. septbr. 1899.

Þetta er hjermeð kunngjört öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Suðuramtið, Reykjavík 15. júlí 1899.

J. Havsteen.

81

Samþykkt

um kynbætur hesta í Rangárvallasýslu.

Sýslunefndin í Rangárvallasýslu hefir samkvæmt lögum 11. desbr. 1891. um samþykktir um kynbætur hesta, gjört eptirfylgjandi samþykkt um kynbætur hesta í Rangárvallasýslu:

1. gr.

Gelda skal svo fljótt, sem auðið er skapnaðar vegna, alla hesta, sem eru skjóttir, hvítir, glámóttir, snúinhæfðir, hvíthæfðir, þreklitlir og illa vaxnir, eða hafa aðra þá galla, sem rýrir verð þeirra. Sama gildir og um hesta, sem eru af kyni með fyrtöldum göllum, eða eru fæddir af náskyldum foreldrum, eða eru undan merum yngri en 3 vetra, eða eldri en 15 vetra. Laungröðum hestum eru eigendur skyldir til að farga svo fljótt sem unnt er.